

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Baldri Inga Jónassyni, mannauðasstjóra  
Dags. 17. janúar 2020  
Mnr. 2020010012



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Undanþágur verkfallsheimilda

### Undanþágur verkfallsheimilda

Árlega þurfa sveitarfélög, að höfðu samráði við viðkomandi stéttarfélög, að endurnýja lista yfir þá starfsmenn sem ekki hafa verkfallsheimild með tilvísun til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stéttarfélögum var sent erindi þann 6. janúar 2020 vegna þessa. FosVest gerði athugasemdir við að umsjónarmaður fasteigna, umsjónarmaður eignasjóðs og forstöðumaður íþróttamiðstöðvar á Þingeyri væru sett á listann og var félaginu því sendur rökstuðningur. Fræðagardur óskaði jafnframt rökstuðnings vegna starfa sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, forstöðumanns stuðnings- og stoðþjónustu og forstöðumanns sólarhringsþjónustu í Pollgötu 4 og skammtímavistun. Svör við rökstuðningi hafa því miður ekki borist enn sem komið er frá þessum félögum. Þá gerði Þroskaþjálfafélag Íslands athugasemdir við að hópstjóri í heimaþjónustu væri á listanum, en í samráði við sviðsstjóra velferðarsviðs var ákveðið að hafa það starf ekki á listanum að þessu sinni. Önnur stéttarfélög hafa ekki gert athugasemdir. Tekið skal fram að lög nr. 94/1986 eiga ekki við um starfsmenn VerkVest.

Hér fyrir neðan eru drög að auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda varðandi þetta mál. Óskað er eftir staðfestingu bæjarráðs á auglýsingunni.

### AUGLÝSING

um skrár (lista) Ísafjarðarbæjar skv. 5.-8. mgr. 19.gr. laga nr. 94/1986

um kjarasamning opinberra starfsmanna.

Lagt fyrir bæjarráð 20. janúar 2020 til samþykktar að viðhöfðu samráði við öll hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

#### I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-7. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Bæjarstjóri	1 staða
Bæjarritari/sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs	1 staða
Sviðsstjóri velferðarsviðs	1 staða
Sviðsstjóri skóla- og tómsundasviðs	1 staða
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs	1 staða
Fjármálastjóri	1 staða
Launafulltrúi	1,75 staða

Forstöðumaður íþróttamannvirkja á Þingeyri	1 staða
Skólastjórar grunnskóla	4 stöður
Aðstoðarskólastjóri	1 staða
Leikskólastjórar	2 stöður
Aðstoðarleikskólastjóri	1 staða
Hafnarstjóri	1 staða
Slökkviliðsstjóri	1 staða
Aðstoðarslökkviliðsstjóri	1 staða
Umsjónarmaður fasteigna Ísafjarðar	1 staða
Umsjónarmaður eignasjóðs	1 staða

**II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Varðstjóri slökkviliðs	1 staða
Forstöðumaður sólarhringsþjónustu að Sindragötu og Fjarðarstræti	1 staða
Forstöðumaður sólarhringsþjónustu að Pollgötu 4 og skammtímvistunar	1 staða
Forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu	1 staða
Starfsmaður á dagdeild aldraðra Ísafirði	1 staða
Starfsmenn sólarhringsþjónustu Pollgötu, Fjarðarstræti og Sindragötu	Öll stöðugildi. Miðað er við lágmarksmönnun á hverju heimili.
Starfsmenn stuðningsþjónustu	Öll stöðugildi. Miðað er við lágmarksmönnun.